

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

11. gr.

Ofangreind samþykkt Skeggjastaðahrepps er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 31. maí 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hersir Gíslason.

7. júní 2000

Nr. 419

REGLUGERÐ

um notkun og bann við notkun tiltekinna efna við meðhöndlun á textílvörum.

Markmið.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett til þess að takmarka notkun tiltekinna efnasambanda sem geta verið hættuleg heilsu manna.

2. gr.

Óheimilt er að nota eftirtalin eldtefjandi efni til þess að meðhöndla textílvörur svo sem föt, undirföt og lín, ef ætla má að vörurnar geti komist í snertingu við hörund:

tris-(2,3-díbrómprópýl)-fosfat (TRIS)	CAS nr. ¹⁾	126-72-7
tris-(1-aziridinýl)-fosfínnoxíð (TEPA)	CAS nr.	5455-55-1
pólýbrómbífenýl (PBB)	CAS nr.	59536-65-1

3. gr.

Óheimilt er að nota kvikasilfurssambönd í slitpolin textílefni og garn ætlað í framleiðslu þeirra.

4. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota efni og efnavörur, sem í er meira en 0,1% ²⁾ af pentaklórfenóli (PCP), til gegndreytingar trefja og slitpolinna textílefna.

Óheimilt er að nota trefjar og slitpolin textílefni, sem gegndreypt hafa verið með efnum eða vörutegundum sem í er PCP í fatnað, áklæði eða teppi.

5. gr.

Óheimilt er að selja eða flytja inn textílvörur svo sem föt, undirföt og lín, sem ætla má að komist í snertingu við hörund, hafi vörurnar verið meðhöndlaðar með þeim efnum

¹⁾ CAS nr.: Chemical Abstract Service – Alþjóðeg númer efna- og efnasambanda.

²⁾ Hlutfall miðað við þyngd.

sem talin eru upp í 2. gr. Einnig er óheimilt að flytja inn eða selja textílvörur og garn sem meðhöndlaðar hafa verið með þeim efnum sem tilgreind eru í 3. gr.

6. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar að öðru leyti en því sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

7. gr.

Um mál, er rísa kunna út af brotum á reglum þessum, fer að hætti opinberra mála. Um refsingar fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni og lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 4. tl. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun 76/769/EBE, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ásamt breytingum í tilskipunum 79/663/EBE, 83/264/EBE, 91/173/EBE og 1999/51/EB.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla úr gildi reglugerðir nr. 448/1996 um notkun og bann við notkun tiltekinna efna við meðhöndlun á textílvörum og reglugerð nr. 179/1998 um breytingu á reglugerð nr. 448/1996.

Umhverfisstjórnuneytinu, 7. júní 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ólafur Pétursson.

AUGLÝSING

um útgáfu tilefnismyntar í tilefni af landafundum Leifs Eiríkssonar.

Samkvæmt tillögu Seðlabanka Íslands hef ég, á grundvelli 1. mgr. 5. gr. laga nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, sbr. 1. gr. laga nr. 81/2000, ákveðið, að bankinn skuli hinn 21. júní 2000 gefa út minnispening (tilefnismynt) í tilefni af því að eitt þúsund ár eru um þessar mundir liðin frá því að Leifur Eiríksson fann Norður-Ameríku. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, sbr. 2. gr. laga nr. 81/2000, skal myntin vera lögeyrir í allar greiðslur hér á landi með fullu ákvæðisverði. Bankanum skal þó vera heimilt að selja myntina með álagi á ákvæðisverð hennar og skal ágóðanum varið í sjóð, sem kenndur er við Leif Eiríksson og ætlað er að styrkja íslenska og bandaríska námsmenn til náms í Bandaríkjunum og á Íslandi. Myntin er að svofelldri gerð og verðgildi:

Peningurinn er sérleginn minnispeningur úr silfri. Á annarri hlið hans er mynd af stytta Leifs Eiríkssonar og ártölin 1000 og 2000. Í bókstöfum er áletrunin „LEIFUR EIRÍKSSON SONUR ÍSLANDS FUNDUR NORÐUR-AMERÍKU“. Á hinna hliðinni er stílfærð mynd af landvættinum eins og þær birtast á gildandi mynt og verðgildi peningsins í tölustöfum og bókstöfum „1000 EITT ÞÚSUND KRÓNUR“ en fyrir neðan